

153. löggjafarþing 2022–2023.

Þingskjal 163 — 162. mál - Frumvarp til laga um breytingu á umferðarlögum, nr. 77/2019 (lækkun hámarkshraða).

Flm.: Andrés Ingi Jónsson, Arndís Anna Kristínardóttir Gunnarsdóttir, Björn Leví Gunnarsson, Gísli Rafn Ólafsson, Halldóra Mogensen, Þórhildur Sunna Ævarsdóttir, Þórunn Sveinbjarnardóttir.

Umsögn.

Hér er um afar skynsamlegar lagabreytingar að ræða. Undirritaður hefur kynnt sér vandaðan rökstuðning í greinargerðinni með frumvarpinu og staðfestir að þær forsendur sem gefnar eru fyrir lægri hraða eru réttar. Vísindalegar rannsóknir hafa sýnt án vafa að ef akstur bíla á 50 km/klst hraða er leyfður í þéttbýli felur það í sér verulega hættu á alvarlegum og banvænum umferðarslysum. Með því að takmarka almennt ferðahraðann við 30 km/klst er bæði minni líkur á að óvarðir vegfarendur verði fyrir bíl sem og að þau hljóti alvarlega eða banvæna áverka við slíkan atburð. Í vistgötum er mikil umferð gangandi og hjólandi vegfaranda og oft börn að leik. Ætti þar ekki að leyfa akstur á meira en gönguhraða, enda akstur sérstaklega hættulegur á slíkum svæðum.

Þá er rökstuðningur í greinargerð einnig réttur hvað varðar aðra þætti en slysatíðni. Með því að leyfður hafi verið of mikill ökuhraði bíla í þéttbýli hefur verið aukið við loft- og hávaðamengun sem dregur úr lífsgæðum og lífslíkum íbúa.

Réttur íbúa borga til heilbrigðs lífs hlýtur alltaf að vera sterkari en réttur þeirra sem kjósa að keyra bíl að auka ferðahraðann.

Um 2. gr.

Hér er sérstaklega rætt um að nema brott heimild til að hækka hámarkshraða upp í 110 km/klst. Hér má bæta við að ef hámarkshraði yrði hækkaður með þessum hætti myndi það án vafa leiða til aukinnar slysatíðni. Umferðarverkfræðingar hafa bent á að þó 2+2 hraðbraut væri byggð á Íslandi sem samkvæmt erlendum stöðlum myndi þola slíkan umferðarhraða yrði umferð seint mikil á slíkum vegi. Það myndi gera afar erfitt eða ómögulegt að hálkuverja vinstri akrein slíks vegar sem aftur fæli í sér aukna slyshættu. Því eru ætti með hliðsjón af umferðaröryggi ekki að leyfa akstur á 110 km/klst hraða á Íslandi.

Þá er ekki minnst á umtalsverð loftslagsáhrif af slíkri hraðaaukningu, en búast má við að kolefnislosun bíla aukist um 10-20% við að auka ferðahraða úr 90 í 110 km/klst. Slíkt er ekki ásættanlegt nú þegar mannkyn allt þarf að draga kröftuglega úr losun koltvísýrings án tafar. Íslendingar hafa skuldbundið

sig til þess að draga verulega úr losun gróðurhúsalofttegunda, ef leyfður yrði aukinn ökuhraði t.d. á Keflavíkurveginum myndi það vinna gegn því markmiði.

Virðingarfyllt,



Hjalti Már Björnsson bráðalæknir

Yfirlæknir á bráðamóttöku Landspítala

Lektor við Læknadeild Háskóla Íslands

hjaltimb@landspitali.is

S: 543 1000